

# LOGOS

LÖGMANNSPJÓNUSTA  
SÍÐAN 1907

Kynning fyrir kröfuhafa Reykjaneshafnar

Febrúar 2016

## Sveitarstjórnarlög

- Ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 kveður á um að heildarskuldbindingar A- og B hluta skuli ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.
- Skuldastaða Reykjanesbæjar og stofnana hans er verulega yfir þessum mörkum.
- Samkvæmt bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlaga nr. II skulu sveitarstjórnir sem uppfylla ekki skuldaviðmið 64. gr. samþykkja raunhæfa áætlun fyrir 1. september 2012 um hvernig þau hyggjast ná viðmiðunum. **Viðmiðunum skal náð fyrir árslok 2022.**

# Lögbundinn farvegur fjárhagleggrar endurskipulagningar sveitarfélaga

## (1) Ráðstafanir skv. ákvæðum 83.-85. gr. sveitarstjórnarlaga

- Eftirlitsnefnd hefur eftirlit með samningaviðræðum sveitarfélags við kröfuhafa.
- Eftirlitsnefnd getur lagt fyrir sveitarfélagið að leggja álögur á útsvar.
- Eftirlitsnefnd getur sett sveitarfélagi fyrir mæli um rekstur og stjórnslu.
- Samkomulag
- Niðurstaða
  - Samkomulag við alla kröfuhafa.
  - Árangur næst ekki sem leiðir til skipan fjárhaldsstjórnar.

## (2) Fjárhaldsstjórn skipuð samkvæmt 86. gr. sveitarstjórnarlaga

- Fjárhaldsstjórn er skipuð þremur mönnum til eins árs í senn.
- Enga greiðslu má inna af hendi nema með samþykki fjárhaldsstjórnar (greiðslustöðvun).
- Ályktanir sveitarstjórnar sem hafa í för með sér fjárútlát eru háð samþykki fjárhaldsstjórnar.
- Almennt heimilt að ráðstafa fjármunum vegna lögbundinnar þjónustu, launa og nauðsynlegra aðgerða.
- Niðurstaða:
  - Samkomulag við alla kröfuhafa.
  - Einhliða nauðasamningur lagður fram sem ekki þarf að greiða atkvæði um.
    - Nauðasamningur er samningur um greiðslu skulda eða eftirgjöf af skuldum sem kemst á milli skuldans og kröfuhafa.

## Reykjanesbær er í lögbundnu ferli

- Reykjanesbær starfar á grundvelli samkomulags við innanríkisráðherra dags. 15. desember 2015 og gildir til 31. desember 2016. Samkomulagið kemur í stað eldra samkomulags frá 2014.
  - Samkomulagið er gert á grundvelli 83. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.
  - Markmið samkomulagsins eru:
    - Að stuðla að því að sjálfbærni náist í rekstri Reykjanesbæjar á árinu 2016 í samræmi við 64. gr. sveitarstjórnarlaga.
    - Að stuðla að áframhaldandi markvissri vinnu við fjárhagslega endurskipulagningu og hagræðingu í rekstri Reykjanesbæjar svo að fjárhagslegum viðmiðum sveitarstjórnarlaga verði náð.
  - Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur eftirlit með framkvæmd Reykjanesbæjar á samkomulaginu.
  - Samkvæmt samkomulaginu er álag á útsvari Reykjanesbæjar.

# LOGOS

LÖGMANNSPJÓNUSTA  
SÍÐAN 1907

Lagaleg staða Reykjaneshafnar

## Um Reykjaneshöfn

- Reykjaneshöfn er B-hluta stofnun, sbr. 2. tölulið 1. mgr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.
  - Til B-hluta stofnana teljast stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem eru í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.
    - Reykjaneshöfn er fjárhagslega sjálfstæð stofnun.
  - Reykjaneshöfn er rekin sem höfn með hafnarstjórn, sbr. 2. tölulið 1. mgr. 8. gr. hafnalaga nr. 61/2003.
  - Reykjanesbær er eini eigandi Reykjaneshafnar, sbr. 2. gr. reglugerðar fyrir Reykjaneshöfn nr. 982/2005 sem sett er á grundvelli 4. gr. hafnalaga.
  - Um hafnir með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags er fjallað í V. kafla hafnalaga.
    - Höfn skal rekin sem opinbert fyrirtæki með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags, sbr. 13. gr. hafnalaga nr. 63/2003.

# Ábyrgð Reykjaneshafnar á skuldbindingum Reykjaneshafnar

## • Ákvæði sveitarstjórnarlaga

- VII. kafli laganna fjallar um fjármál.
- Kröfur gerðar til sveitarfélaga svo þeim sé unnt að undirgangast samningsbundnar ábyrgðir.
- Einungis sveitarstjórn/bæjarstjórn er heimilt að taka ákvarðanir sem varða fjármál sveitarfélaga í veigamiklum atriðum. Til slíkra málefna teljast m.a. lán, ábyrgðir eða fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélags, sbr. 5. tölulið 1. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga.
- Sé ákvörðun sem varðar fjármál sveitarfélaga í veigamiklum atriðum samþykkt í undirnefnd er slík ákvörðun háð endanlegu samþykki sveitarstjórnar, sbr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga.
  - Ákvæðið búið að vera efnislega óbreytt frá lögum nr. 8/1986, sbr. 65. gr. þeirra laga.
  - Sjá frumvarp með sveitarstjórnarlögum og Hæstaréttardóm nr. 454/1996 (1997, bls. 2647).
  - Ríkar kröfur eru gerðar til þess að formkröfum sé fylgt í hvívetna.

## • Ábyrgð sem leiðir af hafnalögum

- Í 2. málsli. 1. mgr. 16. gr. hafnalaga segir að eigendur hafna beri ábyrgð á skuldbindingum hafnarsjóðs.
- Yfirskrift þessarar greinar er skattskylda, rekstur og endurskoðun.
- Ábyrgðin er ekki skilgreind sérstaklega í greinargerð með núgildandi hafnalögum.
- Ákvæðið búið að vera óbreytt frá fyrstu hafnalögum sem sett voru árið 1946, sbr. 7. gr. Laga nr. 29/1946. Frá þeim tíma og til ársins 2003 voru hafnir ekki sjálfstæðir lögaðilar heldur reknar sem einingar innan sveitarfélaga.
- Hvers konar krafa á Reykjaneshafnar á grundvelli ábyrgðar er almenn ótryggð krafa.

## • Ósamþýðanleiki hafnalaga og sveitarstjórnarlaga

- Það virðist vera sem ákvæðum hafnalaga og sveitarstjórnarlaga beri ekki fullkomlega saman um stofnun ábyrgða sveitarfélaga vegna skuldbindinga stofnana þeirra.

## • Nauðsamningar og gjaldþrotaskipti

- Niðurstaða þess hvort Reykjaneshafnar sé í ábyrgð á skuldbindingum Reykjaneshafnar hefur afleiðingar á það hvort Reykjaneshöfn verði tekin til gjaldþrotaskipta eða geri nauðsamning skv. almennum reglum eða verði ekki sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 21/1991

## Skuldbindingar Reykjanesbæjar skv. lýsingu RNH 16 1015 og RNH 27 0415

„Reykjanesbær skuldbindur sig til þess að hlíta eftirtöldum skilmálum uns skuld samkvæmt skuldabréfaflokkum RNH 16 1015 og RNH 27 0415 er að fullu greidd:

- Fasteignaskattar:** Reykjanesbær skuldbindur sig til þess að lána höfninni, í formi víkjandi láns eins og nánar er kveðið á um í 4. tl. að neðan, andvirði fasteignaskatta sem bæjarsjóður innheimtir af höfninni og atvinnufyrirtækjum sem starfa á atvinnusvæðinu við Helguvík og á öðrum hafnarsvæðum Reykjaneshafnar á hverju ári.
- Greiðslur til Lánasjóðs sveitarfélaga:** Að lána höfninni, í formi víkjandi láns eins og nánar er kveðið á um í 4. tl. að neðan, fyrir greiðslum afborgana og vaxta af lánum Lánasjóðs Sveitarfélaga til hafnarinnar ef höfnin getur ekki af eigin rammleik staðið í skilum með einstakar greiðslur.
- Styrking lausafjárstöðu:** Komi til þess að annað hvort eða bæði;
  - Reykjanesbær selji, veðsetji eða fái greitt af skuldabréfi útgefnu af Magma Energy Sweden A.B.; og/eða
  - Reykjanesbær selji eða veðsetji eignarhlut sinn í HS Veitum;Hvort sem er saman eða í sitthvoru lagi og hvort sem er í einni eða fleiri aðgerð, að lána höfninni, í formi víkjandi láns eins og nánar er kveðið á um í 4. tl. að neðan, 25% af þeirri/þeim fjárhæð/um
- Víkjandi lán:** Að skuldbreyta viðskiptastöðu sem er fyrir hendi við útgáfu þessa skuldabréfaflokks í víkjandi lán sem fær enga þjónustu fyrr en skuld samkvæmt skuldabréfaflokki þessum er að fullu greidd og að lánveitingar skv. 1.-3. tl. að ofan bætist við höfuðstól þessa víkjandi láns, sem og allar aðrar lánveitingar Reykjanesbæjar til útgefanda þar til skuld samkvæmt skuldabréfaflokki þessum er að fullu greidd.“
  - Í lýsingu er ekki að finna tilvísun til ábyrgðar samkvæmt hafnalögum.
  - Í lýsingu er ekki að finna skuldbindingu Reykjanesbæjar til þess að veita Reykjaneshöfn lán til að greiða af skuldabréfunum.



# LOGOS

LÖGMANNSPJÓNUSTA  
SÍÐAN 1907